

## Skólaráðsfundur 19.okt 2010 kl.16.00

Jóhanna setti fund kl.16.00

Mættir: Hreiðar Örn Zoega Stefánsson fulltrúi foreldra , Jón Pálsson fulltrúi grenndarsamfélags, Arna Björk Birgisdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Jensdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Vilborg Sveinsdóttir fulltrúi kennara, Ólína Margeirsdóttir fulltrúi foreldra og Jóhanna Magnúsdóttir skólastjóri.

1. Starfsáætlun vetrarins kynnt  
Fundartímar staðfestir 19.október, 16.nóvember, 11.janúar, 3.febrúar, 3.mars, 28.apríl og 26 maí.
2. Kosning ritara  
Sólveig gefur kost á sér og samþykkt einróma.
3. Breytt fyrirkomulag í stjórnun skólans veturinn 2010-2011  
Efemía skólastjóri sagði starfi sínu lausu í sumar og kom ekki til starfa eftir sumarleyfi. Jóhanna verður ein skólastjóri a.m.k. skólaárið 2010-2011. Ásta Steina verður staðgengill Jóhönnu ásamt því að vera deildarstjóri miðstigs. Ráðnir voru nýir starfsmenn í stjórnunarteymi skólans, Gunnhildur Harðardóttir sem deildarstjóri sérkennslu og mats og Helena Katrín Hjaltadóttir sem deildarstjóri verkefna í 50% stöðugildi. Hreiðar og Jón ítreka að svona upplýsingar þurfi að berast til skólaráðs strax og þær eru teknar.
4. Starfsáætlun 2011  
Breytt frá fyrra ári, undirmarkmið sett inn, uppbyggingarstefnuni og mannauðsvíddinni gerð meiri skil, starfsáætlunin var ekki send ráðinu fyrr en daginn fyrir fund og náðist ekki að lesa hana, verður lesin fyrir næsta fund og tekin fyrir þá.
5. Endurskoðun skólanámskrár og drög að almennum hluta Aðalnámskrár  
Almenni hluti skólanámskrárinnar er enn í gagngerrri endurskoðun m.a. með tilliti til uppbyggingastefnunnar. Greinahluta skólanámskrár er að finna á heimasíðu skólans. Ekki gafst tími til að lesa skólanámskrána fyrir fundinn og verður hún tekin fyrir á næsta fundi. Skólastjóri upplýsti að frestur til að gera athugasemdir við drög að nýjum almennum hluta Aðalnámskrár væri til 1. nóvember en búast mætti við að hann yrði framlengdur.
6. Afmælisár skólans  
10 starfsárið, tillögur að afmælishátíð 9. og 30. apríl, tillögur um að fá nemendur í 10.bekk í undirbúningsvinnu og jafnvel að halda hátíðina í samstarfi við skátafélagið í bænum.
7. Reglur um auglýsingar til foreldra  
Tillaga kom frá Hreiðari um að því verði beint til fræðslunefndar að bæklingur verði prentaður að vori/hausti og sendur á öll heimili þar sem allt íþrótta- og tólmundastarf kemur fram. Jafnvel mætti gera samning við ÍTOM um þetta verkefni. Bjóða mætti félagasamtökum frá öðrum bæjarfélögum að koma sínum upplýsingum inn í bæklinginn. Beðið um að fundargerðir verði sendar til formanns fræðsluráðs.

8. Mötuneyti

Nemendur 2. árgangs borða nú hádegismat í sínum heimastofum og reynist , fyrirkomulagið mjög gott að mati nemenda og starfsmanna. Nú eru engir nemendur á göngugötu í hádegismat. Ósk kom fram á fundinum um hljóðmælingu í mötuneytissalnum.

9. Fjárhagsáætlun

Enn þarf að draga saman í rekstri skólans. Unnið er að því að finna leiðir til þess.

10. Önnur mál

Kynntar voru breytingar á systkinaafslætti. Hann er nú samræmdur fyrir börn á stofnunum bæjarins. Ekki er veittur systkinaafsláttur í frístundaseli af fyrstu 4 tímum í hverri viku en af hverri stund þaðan í frá. Nú er hægt að skrá barn í vistun í 30 mín en einungis var hægt að skrá 60 mín áður. Frekari upplýsingar er að finna í nýjum reglum um systkinaafslátt á heimasíðu skólans.

Spurt var um hvernig hagað væri eineltismálum í skólanum, eineltisteymi er starfsrækt við skólann, netkönnun á að fara fram um einelti í skólanum.

Fundi slitið kl.17.30

Næsti fundur 16.nóvember kl.16.00

Ritari Sólveig